

máli þessu sýknir að vera. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Hinum skipuðu svara-  
mönnum við undirrjettinn, Páli Melsteð málaflut-  
ningsmanni og Halldóri yfirkennara Friðrikssyni, ber  
að greiða í kaup úr opinberum sjóði, 8 krónur  
hvorum fyrir sig.

Mánudaginn 12. febrúarmán.

Nr. 31/1876:

Jón Oddsson og

Guðmundur Hannesson

gegn

Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er risið út af því, að landshöfðingjarit-  
ari Jón Jónsson hafði stefnt áfrýndunum, Jóni bónda  
Oddssyni í Krísuvík og Guðmundi Hannessyni á Vig-  
dísarvöllum, til að mæta í máli, er hann ætlaði að  
höfða gegn þeim fyrir ýmislegar yfirsjónir þeirra. Eftir  
stefnu þessari mættu tjeðir bændur í ákveðinn tíma,  
en Jón landshöfðingjaritari mætti eigi, heldur ritaði  
hann hreppstjóranum þar, og bað hann að tjá hinum  
forföll sín. Út af þessu höfðuðu fyr nefndir bændur í  
sameiningu mál móti Jóni ritara, til að fá skaðabætur  
fyrir þetta árangurslausa mót sitt, en með dómi sýslu-  
mannsins í Gullbringusýslu 11. maí f. á. var hann  
dæmdur sýkn fyrir kærnum og kröfum sækjandanna, og  
hinum skipaða talsmanni hans 8 kr. í varnarlaun úr  
opinberum sjóði. Þessum dómi hafa nú opt nefndir  
bændur skotið til yfirdómsins, og krafizt þar, að hinn  
stefndi verði skyldaður til að greiða hvorum þeirra  
fyrir sig bætur fyrir vinnutjón, ferðalag og kostnað, er  
fyrirkallið olli þeim, og enn fremur 10 krónur hvorum

fyrir sig, fyrir skapraun og óviðkomandi sakaráburð ásamt málskostnað skaðlaust.

Þegar mál þetta er skoðað nákvæmar, þá uppleysist það í tvö sjerskild mál, hvar hvor áfrýjandanna um sig krefst skaðabóta fyrir sitt árangurslausu mót, og hafa því mál þessi ekkert sameiginlegt, nema hvað áfrýjendurnir mæta báðir eptir sömu stefnu hins stefnda, en slíkt getur eigi gefið þeim neina heimild til að slá saman kröfum sínum, og gjöra eitt mál úr þeim, sjá kgsbrjef 20. september 1754 og 3. janúar 1755, og ber því ex officio að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan, og vísa málinu frá undirrjettinum. Málflutningsmönnum hins stefnda, er einnig við yfirdóminn hefur fengið gjafsókn, bera fyrir vörn sína, þeim við undirrjettinn 8 kr., og þeim við yfirdóminn 16 kr., er greiðist þeim af áfrýjendunum. Meðferð og vörn málsins í hjeraði, og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettarins dómur á ómerkur að vera, og vísast málinu frá undirrjettinum. Talsmönnum hins stefnda, blaðstjóra Birni Jónsyni við undirrjettinn, og málflutningsmanni Páli Melsteð við yfirdóminn, bera fyrir flutning málsins hinum fyr nefnda 8 kr., og hinum síðar nefnda 16 kr., er lúkist af áfrýjendunum, að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum á að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.